

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærnum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmingss þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færast gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirkni upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú fara í hönd gerð nýrra kjarasamninga á vinnumarkaði. Líklegt er að það ferli verði erfitt og langsótt. Samningar eru margir og ólíkir að gerð sem og forsendur fyrir kjarasamningum einstakra stétta. Vekja má athygli á að mikill niðurskurður þorskafla vegur harkalega að launakjörum fiskimanna við almennar botnfiskveiðar, jafnvel allt að þriðjungs tekjumissi að óbreyttu þorskverði. Því er enn ríkari ástæða til þess að frumvarp þetta fái vandaða og skjóta meðferð á Alþingi, enda gæti það, ef að lögum verður, dregið úr því að vinnudeilur leiði til verkfalla þar sem afturvirkni kauphækkana er tryggð í lögum eftir verða um langan tíma, sex mánuði eða lengri tíma án kjarasamnings.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127., 128., 130., 131., 132. og 133. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þegar það var síðast flutt:

„Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir ($6 \times 30 = 180$ dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði ($3 \times 30 = 90$ daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætist 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaratriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga öðlast launþeginn lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngríp löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldsédari en verið hefur á undanförunum árum.

Þegar þetta frumvarp var lagt fram haustið 2004 höfðu kjarasamningar Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), sem og Alþýðusambands Vestfjarða, verið lausir frá 1. janúar, í níu mánuði, og samningar grunnskólakennara frá 1. apríl, eða í sex mánuði. Í sjómannadeilunni höfðu verið haldnir 30 fundir og 51 fundur í kjaradeilu grunnskólakennara. Kjaradeilu sjómanna lauk 30. okt. 2004 og kennara 29. okt. 2004 með gerð nýs kjarasamnings.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LIÚ að beinum viðsejndum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LIÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálf ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en samningaferli sjómannasamninga í þessum efnunum er þó einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LIÚ þurfti að biða uns LIÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta

þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt í þessu frumvarpi.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.““

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2004^{*)}

Gildistími kjarasamninga eða laga	Undirskrift kjarasamninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	14.01.94	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	27.03.98	451 dagar
27.03.98–15.02.00	19.03.01	397 dagar
19.03.01–01.04.01	16.05.01	46 dagar
16.05.01–31.12.03^{*)}	30.10.04	303 dagar
		Alls 2.706 dagar

^{*)} Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlengingar á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem nýr kjarasamningur tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2004, eru 7.285 dagar. Á þessu tímabili eru 2.706 „samningslausir“ dagar eða rúmlega 37% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga sjómanna um 2.622 daga.